Fimmtudaginn 30. marz 1950.

Nr. 12/1949. **Einar Sigurðsson f. h. Timburverksmiðju Austurlands** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður.

Áður en mál þetta verður dæmt þykir rétt, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að aflað sé frekari gagna og upplýsinga um eftirfarandi atriði:

1. Samþykkta Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, þeirra, sem í gildi voru í aprílmánuði 1949.

2. Hverjir áttu sæti í trúnaðarmannaráði nefnds verklýðsfélags í apríl 1949, og hverjir þeirra sóttu fundinn 25. sama mánaðar, sem talið er, að tekið hafi ákvörðun um að hefja verkfall, og hvernig féllu atkvæði.

3. Var umboðsmönnum vinnuveitenda við samningaumleitanirnar í apríl, þeim Vilhjálmi Björnssyni og Jens Lúðvíkssyni eða öðrum vinnuveitendum, tilkynnt það sérstaklega af hálfu verklýðsfélagsins hinn 25. apríl eða síðar, að verkfall skyldi hefjast frá 1. maí 1949, og ef svo var, hvenær fór sú tilkynning fram.

4. Var sáttasemjara tilkynnt verkfallsákvörðun verklýðsfélagsins, og ef svo var, hvenær fór sú tilkynning fram.

5. Hvenær áttu fulltrúar verklýðsfélagsins og fulltrúar vinnuveitenda fyrst tal saman um væntanlega samninga, eftir að ákvörðun sú um verkfall, sem frá er greint á rskj. 8, var tekin, og hverjir voru þá fulltrúar vinnuveitenda.

Því úrskurðast:
Framangreindra gagna og upplýsinga skal aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 30. marz 1950.

Nr. 20/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur** (Egill Sigurgeirsson hrl.).
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson hdl.).

Deilt um skilning á ákvæðum kjarasamnings um hafnarleyfi skipverja.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 7. des. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Skipaútgerð ríkisins.

Málavextir eru þeir, að í 11. gr. samnings, dags. 30. júní f. á., um kaup og kjör háseta og 10. gr. samnings, dags. sama dag, um kaup og kjör kyndara, milli Sjómannafélags Reykjavíkur annars vegar og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. hins vegar, er svo um samið, að hásetar og kyndarar skuli fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn og Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið. Þó skulu þessir frídagar ekki vera fleiri en 4 á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Samningsákvæði þetta mun fyrst hafa komið inn í kjarasamninga málsaðilja við samningsgerð í nóvembermánuði 1945. Er því haldið fram í máli þessu af hálfu stefnda, að á skipum hans hafi þetta verið framkvæmt með þeim hætti, að er skip var í höfn þar sem gefa átti hafnarleyfi samkvæmt greindu ákvæði, hafi frá upphafi verið fylgt þeirri reglu, að helmingur háseta tæki hafnarfrí í einu. Skipshöfn sé að þessu leyti skipt í tvo flokka. Fylgi sömu hásetar sama stýrimanni og sé það undir því komið, hvaða stýrimaður taki frí, hvor flokkur skipshafn-